

Kortagerð: Landmótun ehf., Nýbýlavegi 6, Kópavogi
Hönnun: Fiton
Ljósmyndun: Grétar Ívarsson, jarðfræðingur OR
Útgefandi: Orkuveita Reykjavík 2002
Aðalkort er birt með leyfi Landmælinga Íslands



GÖNGULEIÐIR

Hengilssvæðið er fjallendi milli Suðurlandsvegur og Þingvallavatns, frá Mosfellsheiði austur að Grafningsfjöllum. Á svæðinu er flest það sem þrýðir íslenska náttúru; áhugavert landslag, hvera- og gigasvæði, fjölbreytt gróðurfar, ár og stóðuvötn. Hér er kjörið



bls 2



bls 4

GÖNGULEIÐIR

á Hengilssvæðinu



DÝRALÍF

Fuglalíf er víða fjölbreytt við vötn og læki. Þekktar eru um 50 tegundir varpfugla á Þingvallavatni, auk 20 tegunda sem sjást reglulega að vetrarlagi. Nokkrar breytingar á fuglalífi hafa átt sér stað, öndum hefur fækkað og keldusvín eru horfin. Grágæsurnar hefur fjölgað og þær halda til í stórum hópum á ræktuðu landi í Grafningi.

Himbrimi er algengur við Úlfjótavatn og Villingavatn. Fyll verpir m.a. í klettum í Nesjaey, við Hestvík og við Steingrímsstöð. Hann sækir æti um 50 km leið til sjávar og er Þingvallasvæðið sá varpstaður sem er lengst inn til landsins. Stökkönd og skúfönd eru algengar við Úlfjótavatn og Villingavatn. Kría er algeng við Bæjarvík, Ölfusvatnsvík og Villingavatn. Smyrill verpir í klettum umhverfis vatnið. Haförn verpti í Grafningi í byrjun aldarinnar en sést nú sem flækingur. Í þjóðsögum er getið svokallaðra „hverafugla“ í hverum á Ölkelduhálsi og Hagavíkurlaugum. Þeir voru sagðir litlir vexti, dökkleitir og taldir synda í sjóðandi hverum. Sagt var að ekki þýddi að sjóða þá, en ef þeir væru látnir í kalt vatn, bragðist þeir sem soðnir væru.

bls 7

Refur, minkur og hagamús eru einu tegundir spendýra sem halda til að staðaldri á svæðinu. Í Þingvallavatni eru þrjár tegundir fiska, bleikja, urriði og hornsili. Það er eina vatnið í heiminum þar sem finnst fjögur afbrigði af bleikju. Lax gengur upp Sogið að Ýrufossi.

SÖGUMINJAR

Margar þjóðleiðir lágu milli byggða um Hengilssvæðið fram eftir öldum. Hellisskarðsleið liggur frá Kolviðarhóli austur yfir Hellið og niður hjá Reykjum í Ölfusi. Vegur milli hrauns og hlíðar, frá Kolviðarhóli, um Hellisskarð og síðan austur með Stóra-Skarðsmýrarfjalli yfir Bitru, um Þverárdal og niður hjá Króki eða Hagavík. Dyravegur, frá Elliðakoti við Náttahagavatn, austur yfir Mosfellsheiði norðan Lyklafells, um Dyradal og Rauðuflog og niður hjá Nesjavöllum. Við val á gönguleiðum er leitast við að fylgja þessum fornu leiðum.

NESJAVALLAVIRKJUN

Hengillinn er eitt stærsta háhitasvæði landsins, um 100 km² að flatarmáli. Talið er að hiti á eins kílómetra dýpi sé um eða yfir 250°C og á stórum hluta svæðisins um 300°C.

JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG

Hengilssvæðið er á miðju vestra gosbelti landsins, sem nær frá Reykjanesi að Langjökli. Berggrunnur er að mestu móberg sem myndast hefur í gosum undir jökli á síðustu jökulskeiðum ísaldar. Grafningsmegin á svæðinu er röð móbergshryggja sem fylgja ríkjandi sprungustefnu NA-SV og ganga út í Þingvallavatn. Á Hengilssvæðinu eru þrjú eldstöðvakerfi með megin-eldstöðvum, hverum og laugum. Þetta eru Hveragerðiseldstöð, Hrómundartindskerfi og Hengilskerfi sem er yngst og virkast. Eftir ísöld eru þekkt fjögur til fimm sprungugos á svæðinu. Síðast gaus fyrir um 2.000 árum á 30 km langri sprungu sem náði frá Þrengslum, um Hellið, Innstadal og í Sandey í Þingvallavatni. Þá rann yngsta hraunið á Hellið og Nesjahraun í Grafningi.

Síðast voru umbrot í Hengilskerfinu árið 1789. Þá gliðnaði og seig spílda á sprungubelti sem liggur yfir Dyrafjöll og Hestvík og norður yfir Þingvallavatn milli Almannagjá og Hrafnagjá. Þá seig land um einn til tvo metra. Hverir og laugar finnast í öllum eldstöðvakerfunum, en þó mest í Hengilskerfinu. Þekktustu hverasvæðin eru í Reykjadal, á Ölkelduhálsi, ofan við Nesjavelli og í Innstadal.

GRÓÐURFAR

Fyrir landnám óx birkiskógur með fjölbreyttum undirgróðri upp í 3-400 metra yfir sjávarmáli á svæðinu. Ofar tók við harðgerður og lágvaxinn fjallagróður og samfelld gróðurþekja náði upp í 5-600 metra hæð. Smám saman breyttist gróðurfar í kjölfar kólnandi veðurfar, skógarnytja og búsetu. Nú er samfelld birkikjarr á afmörkuðum svæðum upp af Þingvallavatni. Birkistofninn er kráklóttur og lágvaxinn en getur þó náð tveggja metra hæð.

Fjölbreytni í gróðri er allmikil, en grasaættin er einkennandi og útbreiddust. Margar gerðir mólendis eru á svæðinu, en það er mest áberandi í Grafningi. Í Ölfusi er land grösugra, en

bls 5

graslendi nær þó sjaldnast yfir stór samfelld svæði. Á láglandi eru stærstu votlendissvæðin við Villingavatn, Króksmýri og í Dælum austan við Úlfjótavatnsfjall, auk minni mýrlenda við tjarnir og læki. Allstórt og fjölbreytt flóasvæði er í Fremstadal. Mýrastór er jafnan ríkjandi tegund í mýrum.

Strjáll bersvæðisgróður vex á melum, en tegundafjöldi er þó mikill. Þar má nefna geldingahnapp, lambagras, blávingul, blóðberg, músareyra, holurt og holtasóley. Í Nesjahrauni er samfelld breiða af gamburmosa, sem er landnámsplanta á hraunum. Mosinn myndar jarðveg fyrir aðrar tegundir og þar dafna krækilyng, bláberjalyng, blávingull, kornsúra, móasey, túnvingull, hvítmaðra, gráviðir og fleiri tegundir.

LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Skógrækt hefur verið stunduð með góðum árangri á ýmsum stöðum. Í Hagavík eru elstu barrtré um 50 ára gömul og skátar hafa stundað skógrækt við Úlfjótavatn um árabil. Orkuveita Reykjavíkur vinnur að umfangsmikilli landgræðslu og skógrækt á jörðum sínum í Grafningi.

bls 11

VELKOMIN Á HENGILSSVÆÐIÐ

SÖGUMINJAR Í NÁMUNDA VIÐ GÖNGULEIÐIR

1. BÚASTEINN. Klettur þar sem Búi Andriðsson Esjufostri varðist Kolviði á Vatni skv. Kjálnesingasögu.
2. KOLVIDARHÖLL. Sæluhús og gistiús frá 1844-1952.
3. SÆLUHÚSTOFT VIÐ DRAUGATJÖRN undir Húsmúla. Elstu heimildir frá 1703.
4. HÚSMÚLARETT. Gömul rétt blaðin úr hraungryti.
5. NAUTARETTIR Í MARARDAL, sem lögðust af fyrir 1860.
6. DYRNAR Í DYRADAL, um þar lá hinn forni Dyravegur.
7. SPORHELLAN, klappaðar móbergsgötur eftir hesthöfa.
8. BOTNADALUR, var í byggð á árabílinu 1832-1844.
9. "ALFAKIRKJA" í Botnadal.
10. KLEIFARSEL, sel og beitarhús frá Nesjum.
11. NESJAVELLIR, þegarsteði elsta bæjarins sem var byggður 1819.
12. NESJAVALLARETT við Nesjavelli.
13. NYJASEL í Seltungum, sel frá Ölfusvatni, síðast notað 1849.
14. GAMLASEL, sel frá Ölfusvatni.
15. ÖLFUSVATN, bær Grímkels goða Bjarnasonar.
16. JARÐFASTUR áletraður grásteinn og Grímkellsgerði, forn girðing og leiði Grímkels, í landi Ölfusvatns.
17. FJARHELLIR frá Villingavatni, notaður frá ömunatið.
18. SKINNHÚFUHELLIR austast í Dráttarhlöð.
19. INGVELDARSEL, sel frá Úlfjótuvatni.
20. SEL Á SELFLÖTUM, síðast notað af Úlfjótvatnsseljum.
21. GRAFNINGSRETTIR á Seltötum, byggðar 1910.
22. SEL FRÁ VILLINGAVATNI í Seldal.
23. BOTNASEL frá Úlfjótuvatni syðst í Seldal.
24. ÖLKELDUHÁLSRETTIR, byggðar 1908.
25. BITRUBÓNDINN, staðileg varða í austurbrún Bitru.
26. ORUSTUHÖLL, sögn um bardaga árið 1162.
27. HELLUKOFINN,* sæluhús við gömlu vörðudu leiðina yfir Helliðshöfði, byggður milli 1830-40.
28. ÞRIVÖRDUR, voru eins konar kílómetrasteinar eða mælikvarði á leiðinni.
29. LAGASKARÐSVEGUR gömul þjóðleið.
30. GAMLI VEGURINN YFIR SVINAHRAUN

* Friðlýstar minjar skv. þjóðminjalögum.

GÖNGULEIÐIR

Hengilssvæðið er kjörið útivistarsvæði þar sem er fjöldi áhugaverðra gönguleiða. Nokkrar leiðir hafa verið merktar og eru þær helstu taldar upp hér að neðan. Lengd göngu er miðuð við aðra leið að sumarlagi og að gönguhræði sé 3-4 km á klukkustund.

GÖNGULEIÐIR	Vegalengd	Tímalengd
Dyradalur - Botnadalur	4,5 km	1-1,5 tímar
Dyradalur - Engidalur	7,0 km	2-2,5 tímar
Dyradalur - Nesjavellir (Dyravegur)	4,0 km	1-1,5 tímar
Dyradalur - Sleggjubeinsdalur	13,7 km	4-5 tímar
Nesjav. - norðurhlóðar Hengils - Nesjav.	14,4 km	4-5 tímar
Ölfusvatn - Hveradalir	20,7 km	5-7 tímar
Ölfusvatn - Rjúpnabrekkur (Hvg.)	14,4 km	4-5 tímar
Rjúpnabrekkur - Dalskarð	4,0 km	1-1,5 tímar

Gerður er greinarmunur á mismunandi gönguleiðum sem eru auðkenndar í landinu með gulum tréstickum með mismunandi litum toppi. Litur á korti vísar til litamerkinga á landi. Auk þess sýnir kortið varðaðar leiðir á Helliðshöfði. Tölur við gönguleiðir sýna fjarlægðir frá aðkomustöðum að helstu áningastöðum.

AÐKOMUSTADIÐ - UPPHAF GÖNGULEIÐA
Bilastæði og upplýsingatölur með uppdráttum sem sýna gönguleiðir á Hengilssvæðinu og fjarlægðir á milli staða.

MEGINGÖNGULEIÐIR - BLÁR LITUR
Fremur auðveldar gönguleiðir, sem liggja þvert yfir Hengilssvæðið og tengja saman aðkomustæði og áhugaverðustu áningastaði í útjörum Hengils og Grafningsfjalla.

TENGILEIÐIR - RAUDUR LITUR
Fremur auðveldar og stuttar gönguleiðir sem tengja saman aðkomustæði og megingönguleiðir.

BRATTAR LEIÐIR - SVARTUR LITUR
Fremur erfiðar útsýnisleiðir sem liggja jafnan um brattar fjallshlæðir og hæstu fjöll.

FRÆÐSLUSTÍGAR - GRÆNN LITUR
Styttri gönguleiðir með upplýsingapóstum um náttúru og sögu einstakra staða.

VARÐAÐAR LEIÐIR Á Helliðshöfði eru varðaðar leiðir sem liggja frá sæluhúsi Landsbjargar. Önnur er gömul þjóðleið sem liggur fram hjá Hellukofanum og niður í Helliðsskarð. Hin liggur stöðustu leið að Skarðsmýrarfjalli.

KROSSGÖTUR, vegprestar sem sýna vegalengdir til næstu áningastaða.

VEGALENGDIR á milli vegpresta í km

ÚTSÝNISPALLUR. Við Nesjavallaveg ofan Nesjavallavirkjunar er útsýnispallur.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR og skíðaskálar. Í Hveragerði er einnig fjölbreytt þjónusta.

OPNIR GÖNGUSKÁLAR í eigu Orkuveitu Reykjavíkur í mynni Engidals (Múlasel) og í Dalskarði í botni Reykjadal (Dalsel).

EINKASKÁLAR, lokuð hús

BYGGINGAR

ÞJÓÐVEGIR og aðrir aðalvegir

TORFERAR LEIÐIR, takmörkuð umferð eða lokaðar leiðir

MÖRK SVEITARFÉLAGA

MÖRK JARDA

HÁSPENNULÍNUR

SKÍÐASVÆÐI er í Sleggjubeinsdal

TJALDSVÆÐI eru við Úlfjótuvatn og í landi Ölfusvatns. Þá eru einnig tjaldsvæði í Hveragerði.

SUNDLAUGAR eru við Írafoss og í Hveragerði.

HEDARBELTI
> 800 m yfir sjávarmáli
700-800 m y.s.
600-700 m y.s.
500-600 m y.s.
300-400 m y.s.
200-300 m y.s.
100-200 m y.s.
< 100 m yfir sjávarmáli

Útgefið af Orkuveitu Reykjavíkur

Mælikvarði 1:50 000

Dags. júní 2002

Skýpung og kortagerð: Gísli Gíslason, Yngvi Þór Loftsson og Áslaug Traustadóttir
Landlögarkortir: F.E.A., Landmáttun ehf., Nýbýlasíða 6, 200 Kópavogi